



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2025
USK25090023

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 19. nóvember 2025 um eftirfarandi mál:

Ljósvisistarstefna

Lögð fram ljósvisistarstefna Reykjavíkurborgar ásamt Aðgerðaáætlun 2025–2030. Samþykkt.
Vísað til borgarráðs

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja að fyrirbyggjandi ljósvisistarstefnu verði vísað til borgarráðs. Þeir telja það þó verulegan galla á stefnunni að í henni er lítið sem ekkert fjallað um viðhaldsmál. Það er óheppilegt því viðhaldi gatnalýsingar í Reykjavík hefur verið mjög ábótavant undanfarin ár og brýnasta verkefnið í ljósvistarmálum borgarinnar hlýtur að vera að bæta þar úr með myndarlegum hætti. Æskilegt er að í stefnunni sé metnaðarfullt ákvæði um að vel skuli standa að viðhaldi og peruskriptum á götulömpum. Jafnvel mætti setja viðmið um eftirlit með óvirkum ljósastaurum og hvernig og hversu skjótt skuli brugðist við ábendingum um bilanir. Þegar Rafmagnsveita Reykjavíkur sinnti gatnalýsingu í borginni af miklum metnaði voru ákveðnar vinnureglur um peruskripti og viðhald götulampa og reyndist það fyrirkomulag mjög vel.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnssýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: Ljósvisistarstefna Reykjavíkurborgar, Aðgerðaáætlun 2026–2030 og umsögn dags. 1. desember 2025 fjárhagsáætlun 2026 - 2030



Reykjavík

Ljósvisistarstefna Reykjavíkurborgar - Aðgerðaáætlun 2026 – 2030

1 AÐ REYKJAVÍK SÉ BORG FYRIR FÓLK

Kortleggja og bæta lýsingu á samgönguleiðum barna, eldri borgara og fatlaðs fólks.	2026 – 2028
Innleiða lýsingarviðmið fyrir leiksvæði, íþróttasvæði og skólalóðir.	2027
Forgangsraða úrbótum á lýsingu við gangbrautir og gatnamót.	2026 – 2030

Áætlaður kostnaður 160 mkr.

2 AÐ REYKJAVÍK SÉ LÍFLEG OG SKAPANDI BORG

Móta stefnu um lýsingu menningarminja og kennileita.	2026 – 2028
Styrkja menningarlega tjáningu í borgarrými með tímabundnum ljóslistaverkum.	2026 – 2030
Útfæra sértækar lýsingarlausnir fyrir hverfi sem styrkja staðaranda.	2026 – 2030

Áætlaður kostnaður 70 mkr.

3 AÐ REYKJAVÍK SÉ GRÆN OG SJÁLFBÆR BORG

Skilgreina og innleiða LED-væðingu á götum og opnum svæðum	2026 – 2028
Kortleggja birtusvæði	2027
Setja árleg viðmið um orkunýtingu og kolefnisspor borgarlýsingar	2026
Þróa ný viðmið fyrir lýsingu á friðlýstum og opnum svæðum	2027
Kortleggja og mæla ljósmengun í Reykjavíkurborg	2026 – 2030
Innleiða ljósvist inn í skipulag borgarinnar	2026 – 202

Áætlaður kostnaður 960 mkr.

4 AÐ REYKJAVÍK STUÐLI AÐ GÆÐUM Í HINU BYGGÐA UMhverfi

Reykjavíkurborg þróa heildstætt leiðbeiningarit fyrir hönnuði og verkefnastjóra	2026
Endurskoða tæknikröfur og viðmið um lýsingarbúnað árlega	2026 – 2030
Mótun viðmiða fyrir stýringar borgarlýsingar	2026
Þróun stýringarkerfis	2026 – 2028
Þróa vistvænt verklag við endurvinnslu og úreldingu lýsingarbúnaðar	2026
Markviss þátttaka í alþjóðlegu samstarfi LUCI	2026 – 2030
Innleiðing Ljósvisistarstefnu og fræðsla	2026

Áætlaður kostnaður 20 mkr.

Áætlaður kostnaður skipt niður á ár:

Áætlun 2026	300 mkr.
Áætlun 2027	400 mkr.
Áætlun 2028	400 mkr.
Áætlun 2029	65 mkr.
Áætlun 2030	50 mkr.

Áætlaður heildarkostnaður aðgerðaráætlunar 1.215 mkr.



Viðtakandi: Skrifstofa borgarstjórnar.
Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið.

Reykjavík, 1. desember 2025

USK25090023

UMSÖGN

Umsögn

Þann 23. október 2023 vísaði Skrifstofa borgarstjórnar bréfi Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 20. nóvember 2025, varðandi samþykkt Umhverfis- og skipulagsráðs á ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar ásamt aðgerðaráætlun 2025-2030, til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs og Fjármála- og áhættustýringarsviðs. Sérstaklega var óskað eftir lagalegri rýni frá Umhverfis- og skipulagssviði og kostnaðarmati frá Fjármála- og áhættustýringarsviði.

Lögfræðideild Skrifstofu stjórnsýslu og gæða á Umhverfis- og skipulagssviði telur almennt ekki tilefni til athugasemda við efni ljósvistarstefnunnar. Í ljósvistarstefnunni er fjallað um innleiðingu stefnunnar, ábyrgð og aðgerðaráætlun með tímasetningum, mælikvörðum og ábyrgðarskiptingu. Til að innleiða stefnuna þarf aðkomu starfsfólks á ýmsum sviðum Umhverfis- og skipulagssviðs. Tryggja þarf mannafla til að sinna innleiðingunni. Þá þarf að tryggja að þær aðgerðir, sem stefnan gerir ráð fyrir að ráðist verði í, séu fjármagnaðar. Í fylgiskjali er að finna tímasetta kostnaðaráætlun vegna markmiða og aðgerða stefnunnar.

Virðingarfyllst,
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjal: Markmið, aðgerðir – Fjárhagsáætlun 2026-2030.



Reykjavík

Meginmarkmið

Aðgerðir

AÐ REYKJAVÍK SÉ BORG FYRIR FÓLK

Kortleggja og bæta lýsingu á samgönguleiðum barna, eldri borgara og fatlaðs fólks.

Reykjavíkurborg framkvæmir kortlagningu á göngu- og hjólaleiðum barna, eldri borgara og fatlaðs fólks og setur fram fimm ára framkvæmdaáætlun um umbætur á lýsingu með áherslu á birtustig, aðgengi og stýringu.

Innleiða lýsingarviðmið fyrir leiksvæði, íþróttasvæði og skólalóðir.

Skilgreind eru lágmarks- og hámarksviðmið fyrir lýsingu á opnum svæðum sem styðja við Öryggi, vellíðan og útivist, með tilliti til truflunar og myrkurgæða í næturumhverfi.

Forgangsraða úrbótum á lýsingu við gangbrautir og gatnamót.

Unnið verður áfram að úrbótum fyrir gangbrautarljós og lýsingu á áhættusvæðum með háu hlutfalli gangandi vegfarenda, með áherslu á samgönguleiðir barna og aldraðra. Endurnýja 10-20 staði á ári.

AÐ REYKJAVÍK SÉ LÍFLEG OG SKAPANDI BORG

Móta viðmið um lýsingu menningarminja og kennileita.

Gerð verði sérstök viðmið í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og Minjastofnun um lýsingu kennileita, með áherslu á fagurfræðileg áhrif, Öryggi og verndun sögulegra minja.

Styrkja menningarlega tjáningu í borgarrými með tímabundnum ljóslistaverkum.

Haldið verður árlega opið kall eftir ljóslistaverkum til að sýna í almenningssýmum yfir vetrartíma og tengja þannig lýsingu við skapandi borgarmenningu s.s. Vetrarhátíð, Listasafn Reykjavíkur og fleiri.

Útfæra sértækar lýsingarlausnir fyrir hverfi sem styrkja staðaranda.

Hverfisverkefni þar sem unnið er með lýsingu sem undirstrikar einkenni og aðdráttarafl staða, í samvinnu við íbúa og hönnuði. Einnig verður haldið áfram með lýsingartengda upplifun í nýframkvæmdum.

AÐ REYKJAVÍK SÉ GRÆN OG SJÁLFBÆR BORG

Skilgreina og innleiða LED-væðingu á götum og opnum svæðum.

Haldið verði áfram framkvæmdaáætlun um útskiptingu á gömlum lýsingarbúnaði með uppsetningu á LED lómpum.

Kortleggja birtusvæði og mæla ljósmengun í Reykjavíkurborg.

Mæld verður árleg þróun ljósmengunar með mælitækjum og mælingar gerðar aðgengilegar borgarbúum. Hverfi og svæði verða flokkuð samkvæmt leiðbeiningum DarkSky (Environmental Zones). Flokkunin verður nýtt við skipulag og ljósvistarhönnun til að tryggja myrkurgæði.

Setja árleg viðmið um orkunýtingu og kolefnisspor borgarlýsingar.

Árleg skýrsla metur orkunotkun og framfarir í átt að kolefnishlutleysi. Reykjavíkurborg setur sér markmið um orkunýtingu.

Þróa ný viðmið fyrir lýsingu á friðlýstum og opnum svæðum.

Sérstakar leiðbeiningar og viðmið verða þróuð fyrir græn svæði, strandlengjur og borgargarða til að tryggja að lýsing hafi ekki neikvæð áhrif á náttúru.

Innleiða ljósvist inn í skipulag borgarinnar. Bæta þarf ljósvist inn í Grænar áherslur og Aðal-, Hverfis- og Deiliskipulag Reykjavíkurborgar.

**AÐ REYKJAVÍK
STUÐLI AÐ
GÆÐUM Í HINU
BYGGÐA
UMHVERFI**

Reykjavíkurborg þróar heildstætt leiðbeiningarit fyrir hönnuði og verkefnastjóra.

Leiðbeiningaritið skal byggja á markmiðum og viðmiðum ljósvistarstefnu borgarinnar og innihalda skýrar verklagsleiðbeiningar, gæðaviðmið, tæknilegar kröfur og dæmi um góðar lausnir. Ritinu er ætlað að vera hagnýtt verkfæri í hönnunarferli og verklagi þeirra sem koma að lýsingarverkefnum fyrir Reykjavíkurborg.

Mótun viðmiða fyrir stýringar borgarlýsingar.

Sett verða skýr viðmið sem byggja á stigum lýsingarstýringar samkvæmt viðmiðum LUCI (frá einfaldri af/á stýringu til snjallstýringar) til að styðja við markvissa þróun og innleiðingu tæknilausna í borgarlýsingu.

Þróun stýringarkerfis.

Reykjavíkurborg mun þróa og innleiða stýringarkerfi fyrir borgarlýsingu í samræmi við skilgreind viðmið, með það að markmiði að bæta ljósvist, draga úr ljósmengun og hámarka orkunýtingu.

Þróa áfram vistvænt verklag við endurvinnslu og úreldingu lýsingarbúnaðar.

Samvinna við framleiðendur og verktaka verður nýtt til að tryggja söfnun og endurnýtingu búnaðar í samræmi við stefnu borgarinnar um hringrásarhagkerfi.

Markviss þátttaka í alþjóðlegu samstarfi LUCI

Reykjavíkurborg tekur virkan þátt í samstarfi, skýrslugjöf og skuldbindingum sem styðja við þróun lýsingarstefnu, miðlun þekkingar og innleiðingu alþjóðlegra viðmiða í borgarlýsingu.


Innleiðing Ljósvistarstefnu og fræðsla.

Reykjavíkurborg mun standa fyrir námskeiðum fyrir hönnuði, verkefnastjóra, verktaka og eftirlitsaðila.

Ábyrgðaraðili	Tímarammi	2025	2026
USK og Skóla- og frístundasvið	Kortlagning 2026, forgangs röðun og útfærsla 2026–2030	–	11,600,000
USK og Skóla- og frístundasvið	Lýsingarviðmið 2026, innleiðing 2027		900,000
USK - Samgöngur og borgarhönnun	Úrbótaverkefni 2026-2035		16,100,000
Menningar- og íþróttasvið - Listasafn Reykjavíkur	Samráð um leiðbeiningar 2026 - Útgáfa 2027		4,500,000
Menningar- og íþróttasvið - Listasafn Reykjavíkur - USK	2026-2030		4,700,000

Menningar- og 2027-2030
íþróttasvið - Listasafn
Reykjavíkur - USK

-




USK - Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	Klára skal LED-væðingu fyrir árslok 2028	5,000,000	311,460,000
---	--	-----------	-------------

USK - Samgöngur og borgarhönnun, skipulagsfulltrúi	Kortlagning 2026 - 2027		3,300,000
--	-------------------------	--	-----------

USK - Skrifstofa umhverfisgæða	Sýnilegt á mælaborði Reykjavíkurborgar 2027		1,100,000
--------------------------------	---	--	-----------

USK - Skrifstofa umhverfisgæða og Samgöngur og borgarhönnun	Tímaáætlun: Fyrsta útgáfa 2026, endurmat á 3 ára fresti		4,500,000
---	---	--	-----------

Skipulagsfulltrúi	Innleiðing 2026-2028		2,200,000
-------------------	----------------------	--	-----------



USK - Framkvæmdir og viðhald mannvirkja og Samgöngur og borgarhönnun	Ný útgáfa VLD-062 á árinu 2026	1,100,000
--	-----------------------------------	-----------

USK - Framkvæmdir og viðhald mannvirkja og Skrifstofa borgarlandsins	Viðmið sett 2026	2,200,000
--	------------------	-----------

USK - Framkvæmdir og viðhald mannvirkja og Skrifstofa borgarlandsins	Þróun 2027 og Innleiðing 2028 til 2030	-
--	---	---

USK - Skrifstofa umhverfisgæða	Verklagsreglur gefnar út 2026	1, 100, 000
-----------------------------------	----------------------------------	-------------

USK – Öll svið og skrifstofur	2026–2030	1, 100, 000
----------------------------------	-----------	-------------

USK - Framkvæmdir og viðhald mannvirkja og Skrifstofa borgarlandsins	2026	1, 100, 000
--	------	-------------

5, 000, 000	366, 960, 000
-------------	---------------

2027	2028	2029	2030	Afstemming
17,500,000	17,500,000	17,500,000	17,500,000	—
200,000				—
16,100,000	16,100,000	16,100,000	16,100,000	—
1,000,000				—
4,700,000	4,700,000	4,700,000	4,700,000	—

10,800,000 10,800,000 10,800,000 10,800,000

—

311,460,000 311,460,000

—

3,300,000

—

1,100,000

—

1,000,000

—

—

2,200,000 2,200,000

—

				—
				—
3,300,000	1,100,000	1,100,000	1,100,000	—
				—
1,100,000	1,100,000	1,100,000	1,100,000	—
				—
372,760,000	364,960,000	52,300,000	51,300,000	—

Áætlaður kostnaður (m/VSK)	Framkvæmdar- kostnaður	Vinna ráðgjafa	Fjöldi klst	Tímagjald

81,600,000	75,000,000	6,600,000	300	22,000
------------	------------	-----------	-----	--------

1,100,000	–	1,100,000	50	22,000
-----------	---	-----------	----	--------

80,500,000	75,000,000	5,500,000	250	22,000
------------	------------	-----------	-----	--------

5,500,000		5,500,000	250	22,000
-----------	--	-----------	-----	--------

23,500,000	12,500,000	11,000,000	500	22,000
------------	------------	------------	-----	--------

43,200,000	30,000,000	13,200,000	600	22,000
------------	------------	------------	-----	--------

939,380,000	900,000,000	39,380,000	1,790	22,000
-------------	-------------	------------	-------	--------

6,600,000	–	6,600,000	300	22,000
-----------	---	-----------	-----	--------

2,200,000	–	2,200,000	100	22,000
-----------	---	-----------	-----	--------

5,500,000	–	5,500,000	250	22,000
-----------	---	-----------	-----	--------

6,600,000	–	6,600,000	300	22,000
-----------	---	-----------	-----	--------

1, 100, 000	–	1, 100, 000	50	22, 000
2, 200, 000	–	2, 200, 000	100	22, 000
6, 600, 000	–	6, 600, 000	300	22, 000
1, 100, 000	–	1, 100, 000	50	22, 000
5, 500, 000	–	5, 500, 000	250	22, 000
1, 100, 000	–	1, 100, 000	50	22, 000
1, 213, 280, 000	1, 092, 500, 000	120, 780, 000	5, 490	

Athugasemdir

Víðaða um borgina eru ólýstir stígakaflar sem mætti lýsa og einnig er hægt að bæta stýringu með því að auka lýsingu á álagstímum þegar börn eru að fara úr og í skóla. 150 stk 5m staurar með göngustígarlampa - 4,5 km - eða 3.750 ZHAGA stýringar

Að meðaltali verða 15 staðir endurnýjaðir á ári

Leiga á búnaði í einn til tvo mánuði fyrir 2-5 staði á ári og vinna ráðgjafa við undirbúning, samskipti og verkstjórn.

Ljósvistargreining, útboð og innkaup á lömpum,
uppsetning, úttektir og eftirlit. Útboðsgögn
tilbúin fyrir Þingholtin og búið að ljósvistargreina
Árbæinn. Eftir að ljósvistargreina Hlíðar,
Laugardal, Háaleiti og Kjalarnes. Klára þarf led
væðinguna í Grafarvogi, Grafarholti, Breiðholti og
vesturbænum auk miðborgarlampans.



Ljósvisistarstefna

Reykjavíkurborgar





” Við lýsum borgina með ábyrgð og fegurð að leiðarljósi, virðingu fyrir bæði myrkurgæðum og öryggi fólks. Við lýsum borgina fyrir fólk “



Borgarlýsing – Ljósvisistarstefna Reykjavíkur 2025–2030

Útgefandi: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (USK)

Ábyrgðarmaður og verkefnastjóri: Ársæll Jóhannsson, verkefnastjóri hjá USK

Ritun stefnu: Ársæll Jóhannsson, Guðjón L. Sigurðsson, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir og Sólveig Lía Tryggvadóttir

Verkefnastjórar vinnustofu: Guðrún Soffía Björnsdóttir, Halldóra Traustadóttir, Ólöf Guðbjörg Söebeck og Ragnheiður Sigvaldadóttir

Ljósmyndir: Darío Nuñez Salazar (bls. 5 og 15), Guðmundur Ólafsson (bls.5), Ragnar Th. Sigurðsson (bls. 2, 3, 5, 7 og 8), Róbert Reynisson (bls. 5) og Örn Erlendsson (bls. 1, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13 og 15)

Hönnun og umbrot: Hvíta húsið

Efnisyfirlit

Formáli	4
Borgarlýsing – Ljósvisst	5
Inngangur	6
Markhópar stefnunnar	7
Framtíðarsýn	8
Markmið og undirmarkmið stefnunnar	9
1. Markmið Borgarlýsing stuðlar að öryggi, aðgengi og heilbrigði.....	10
2. Markmið Borgarlýsing dregur fram menningarlega sérstöðu Reykjavíkur og skapar félagslega samheldni	11
3. Markmið Borgarlýsing er mikilvægur þáttur í grænum áherslum borgarinnar	12
4. Markmið Borgarlýsing nýtir nýsköpun og tækni til að bæta ljósvisst í borginni	13
Ljósmengun – Myrkurgæði	14
Innleiðing stefnu, ábyrgð og aðgerðir	15
Þátttakendur	16

Formáli

Lífið sjálft verður til í ljósi og ljós gegnir stóru hlutverki fyrir líf okkar og velferð og náttúruna sem umlykur okkur. Þó að við hugsum kannski ekki dags daglega um mikilvægi ljóss og áhrif þess á okkur þá er það engu að síður svo að birtan og rökkrið stýrir athöfnum okkar og getur veitt okkur lífsgæði og öryggi en skortur á því hið gagnstæða.

Hver kannast ekki við að „kveikja á nóttinni“ þegar það byrjar að kvölda svo að börnin falli í ró og að draga síðan frá á morgnana til að ræsa heimilismenn. Eins mikilvægt og ljós og lýsing eru fyrir tilveru okkar þarf líka að huga að myrkurgæðum. Í sístækkandi borg með tilheyrandi byggð og fjölgun íbúa verður að hlúa að jafnvægi náttúrusvæða og dýraríkis bæði innan borgarmarka og í jaðri byggðar. Þá þarf að gæta þess að myrkrið fái að ríkja á vandlega völdum svæðum en þó með þeim fyrirvörum að öryggis vegfarenda sé gætt. Eins þurfum við á tímum loftslagsbreytinga að hugsa fram í tímann og gera áætlanir um hvernig við getum betur skapað manngert umhverfi með vistvæna hugsun, sjálfbærni og fagurfræði í öndvegi.

Ljósvisistarstefna Reykjavíkurborgar, sem lítur nú loksins dagsins ljós, er yfirgripsmikil og mikilvæg stefna sem nær utan um fjölmörg verkefni sem snerta borgarbúa með beinum hætti. Um leið og hún varðar veginn fyrir nútímavædda og fjölbreytta lýsingu í Reykjavík, varðveislu myrkurgæða og til að sporna við ljósmengun þá tekur hún einnig mið af mörgum lykilstefnum borgarinnar sem allar miða að því að auka lífsgæði okkar.

Um leið og hugað er að þeim stóru verkefnum sem við stöndum frammi fyrir á sviði umhverfisverndar og loftslagsmála, með því t.d. að nýta tæknina til betri og markvissari ljósaastýringar og orkusparnaðar, skapast einnig ný tækifæri til að lýsa upp margbreytilegt borgarlandið og auka þannig enn frekar upplifun og ánægju Reykvíkinga og gesta borgarinnar af umhverfinu. Þegar sólin hverfur á bak við jörðina og við upplifum myrkur þá vitum við að ekki líður á löngu þar til birtir á ný.

Með þessari metnaðarfullu og faglegu Ljósvisistarstefnu Reykjavíkurborgar, sem þeir Ársæll Jóhannsson verkefnastjóri og Guðjón L. Sigurðsson hjá Lisku eiga, að öðrum ólöstuðum, mestan þátt í að hafi orðið að veruleika, eigum við ekki eftir að týnast í myrkrinu því við getum gengið að því vísu að borgin verður vel og fagurlega lýst í framtíðinni á þeim svæðum þar sem sannarlega þarf að vera bjart þegar nóttin skellur á.

Fyrir hönd stýrihópsins vil ég þakka öllum þeim sem komu að gerð Ljósvisistarstefnu Reykjavíkurborgar á langri leið hennar til dagsins í dag. Það voru forréttindi að fá að fræðast um og móta stefnu um það sem oft er talið vera upphaf lífsins sjálfs; ljósið.

Líf Magneudóttir

Formaður stýrihóps um Ljósvisistarstefnu Reykjavíkurborgar

Borgarlýsing

er samheiti yfir alla útilýsingu í borgarumhverfi, þar á meðal götu- og stígalýsingu, lýsingu á opnum svæðum, skólalóðum, íþróttasvæðum, bílastæðum, kennileitum, listaverkum og í undirgöngum, sem og flóðlýsingu á mannvirki.

Ljósvisst

er skilgreining á gæðum ljóss, hvort sem um er að ræða rafmagnsljós eða dagsljós. Ljósvisst tekur til allra þátta lýsingar, þar með talið tæknilega eiginleika, upplifun og áhrif á fólk, samspil við umhverfi og náttúru, fagurfræðilega og listræna þætti, sem og orkusparnað og sjálfbærni.



Ljósvisistarstefna

Reykjavíkurborgar mótar skýra stefnu og markmið um **borgarlýsingu** sem bætir lífsgæði og öryggi, verndar myrkurgæði, minnkar ljósmengun og dregur fram sérkenni borgarinnar með aðgerðaáætlun sem tryggir markvissa innleiðingu. Hún mótar hönnun og framkvæmd lýsingar í borgarrýminu.



Markhópar stefnunnar

Stefnan er ætluð þeim sem skipuleggja, hanna, framkvæma og viðhalda borgarlýsingu, auk borgarbúa, gesta, fyrirtækja og menningarstofnana sem nýta og upplifa hana.

Ljósvisistarhönnuðir

leggja áherslu á gæði, öryggi og fagurfræði lýsingar

Arkitektar og landslagsarkitektar

sambætta lýsingu við byggingar, götugögn og opin svæði

Skipulagsfræðingar

innleiða ljósvisistarstefnu í borgarskipulagi

Rekstraraðilar lýsingarkerfa

tryggja hagkvæmni og sjálfbærni

Verktakar og framleiðendur lýsingarbúnaðar

fylgja stöðlum og nýta viðeigandi tæknilausnir

Borgaryfirvöld

styðja stefnumótun, aðgerðir og fjárfestingar

Borgarbúar og gestir borgarinnar

leggja sitt af mörkum með því að endurspegla samfélagsþarfir í lýsingu borgarinnar





Framtíðarsýn

Reykjavíkurborg byggir upp borgarlýsingu sem setur manneskjuna í forgrunn, verndar myrkurgæði, minnkar ljósmengun og bætir lífsgæði.

Lýsingin skapar öryggi og aðgengi, hlýlegt borgarrými og styður vellíðan íbúa og gesta. Hún er jafnframt staðbundin og endurspeglar sérkenni hverfa, menningu og náttúru borgarinnar, þannig að hvert svæði nýtur sín með sínum sérkennum.

Myrkurgæði eru hluti af gæðum næturrýmis og tryggja að stjörnusýn og upplifun í myrkri fái að njóta sín. Á sama tíma byggir lýsingin á orkunýtni og vistvænum nálgunum, þar sem snjallar lausnir auka öryggi, gæði og hagkvæmni. Markmiðið er að Reykjavík verði alþjóðleg fyrirmynd í sjálfbærri og samfélagslega ábyrgri borgarlýsingu.





Markmið og undirmarkmið stefnunnar

3

HEILSA OG VELLÍÐAN



7

SJÁLFBÆR ORKA



9

NYSKÖPUN OG UPPBYGGING



11

SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



1 AÐ REYKJAVÍK SÉ BORG FYRIR FÓLK

Markmið

Borgarlýsing stuðlar að öryggi, aðgengi og heilbrigði.

Undirmarkmið

1. Öryggi og aðgengi er leiðarljós við hönnun á lýsingu á helstu samgönguleiðum og almenningssvæðum. Reykjavíkurborg leggur áherslu á þarfir **gangandi** og **hjólandi** fram yfir ökutæki.
2. Áhersla er lögð á að veita lýsingu sem tekur tillit til allra **aldurshópa** og mismunandi þarfa **borgarbúa**.
3. Börn eiga að geta ferðast í og úr **skóla** í upplýstu umhverfi.
4. Reykjavíkurborg gerir öllum íbúum borgarinnar kleift að njóta **útivistar** þegar rökkva tekur á upplýstum **samgöngustígum** í nærumhverfi.



2 AÐ REYKJAVÍK SÉ LÍFLEG OG SKAPANDI BORG

Markmið

Borgarlýsing dregur fram **menningarlega** sérstöðu Reykjavíkur og skapar **félagslega** samheldni.

Undirmarkmið

1. Listasöfn og menningarstofnanir vinna að sameiginlegum áætlunum við lýsingu **listaverka** í samstarfi við listamenn og sérfræðinga til að styrkja borgarlandslagið.
2. Sérkenni staða verða dregin fram með lýsingu á helstu **kennileiti** og **menningarminjar**. Lýsing í hverfum verður nýtt til að styrkja sjálfsmynd og einkenni staðarins og efla tengsl íbúa við sitt nærumhverfi.
3. Almenningsrými og torg fá lýsingu sem hvetur til samveru, **viðburðahalds** og **félagslegra** tengsla. Áhersla skal lögð á að skapa umhverfi sem endurspeglar þarfir og væntingar samfélagsins.
4. Reykjavíkurborg styður við **ljóslistaverk** og tímabundin lýsingarverkefni sem draga fram **menningarlega** **sérstöðu** borgarinnar.





3 AÐ REYKJAVÍK SÉ GRÆN OG SJÁLFBÆR BORG

Markmið

Borgarlýsing er mikilvægur þáttur í **grænum** áherslum borgarinnar.

Undirmarkmið

1. Við kaup á nýjum búnaði, skal gæta að hámarks **orkunýtni, endurnýtingu** og löngum **endingartíma**.
2. Eldri orkuþyrstum lýsingarkerfum er skipt út fyrir skilvirkari lausnir til að draga úr losun **gróðurhúsalofttegunda, ljósmengun** og **orkusóun**.
3. Lágmarka ljósmengun sem truflar umhverfi, lífríki og **vellíðan** íbúa.
4. Hlúð er að **myrkurgæðum**, þar sem náttúrulegt myrkur og lífríki eru virt.
5. Reykjavíkurborg setji sér markmið um að borgarlýsing fylgi meginreglum **hringrásarhagkerfis** með endurnýtingu og lágmörkun úrgangs.
6. Borgarlýsing skal styðja við markmið borgarinnar um **kolefnishlutleysi**.



4 AÐ REYKJAVÍK STUÐLI AÐ GÆÐUM Í HINU BYGGÐA UMHVERFI

Markmið

Borgarlýsing nýtir **nýsköpun** og **tækni** til að bæta gæði borgarlýsingar.

Undirmarkmið

1. Reykjavíkurborg stefnir að því að borgarlýsing verði **snjöll** og í takt við nýjustu **tækni**.
2. Reykjavíkurborg skal hafa **vistvænar** áherslur í innkaupum á lampabúnaði og framkvæmd borgarlýsingar til að minnka **umhverfisfótspor** og lágmarka ljósmengun.
3. Lýsingarkerfi **fram tíðarinnar** mun aðlaga sig að þörfum borgarbúa, umferð og umhverfisskilyrðum í rauntíma, greina bilanir og hámarka **skilvirkni** í viðhaldi borgarlýsingar.
4. Reykjavíkurborg vinnur í **samstarfi** við borgir og fagfólk að því að þróa og skiptast á upplýsingum um lýsingu í borgarumhverfi.
5. Áhersla er lögð á að efla **skapandi** og **listrænt** val á búnaði sem undirstrikar menningarlegan fjölbreytileika borgarinnar og styður einkenni borgarluta og svæða.
6. Hönnun lýsingar stuðli að því að draga úr **óþarfa ljósi**, **truflun** og **glýju** sem geta haft skaðleg áhrif á **heilsu** og **náttúru**.





Ljósmengun

er óþörf eða skaðleg dreifing ljóss út í umhverfið. Hún truflar myrkurgæði, getur skaðað dýralíf og vistkerfi, raskað svefni fólks og dregið úr sýnileika stjarnanna, auk þess að valda orkusóun. Draga má úr ljósmengun með hóflegri birtu, hlýrri ljóslit, beina lýsingu niður og slökkva þegar hennar er ekki þörf.

Myrkurgæði

eru mælikvarði á náttúrulegt næturmyrkur – hversu dimmt og ótruflað það er, hversu skýr stjörnusýn fæst og hvernig það styður bæði lífríki og upplifun fólks í myrkri, bæði í byggðu umhverfi og á náttúrusvæðum.



Innleiðing stefnu, ábyrgð og aðgerðir

Ljósvisistarstefna Reykjavíkurborgar er innleidd af USK (Umhverfis- og skipulagssviði) í samvinnu við fagaðila. Stefnan og leiðbeiningar gilda í allri hönnun og framkvæmd. Aðgerðaáætlun með tímasetningum, mælikvörðum og ábyrgðarskiptingu fylgir stefnunni. Forgangsörðun er endurskoðuð árlega, árangur metinn reglulega, og heildarendurskoðun fer fram á fimm ára fresti til að tryggja að stefnan sé í takt við samfélagsþarfir, tækniframfarir og sjálfbærnimarkmið borgarinnar.

Stefnan gildir til 2030; samráð hefst í maí 2029 og ný útgáfa verður lögð fram í nóvember 2029. Verði breytingar á umsýslu umhverfis- og skipulagsmála vegna endurskipulagningar skal tafarlaust endurskoða stefnu og aðgerðaáætlun með tilliti til orðalags og ábyrgðar.





Þátttakendur

Stýrihópur um Ljósvisistarstefnu

Líf Magneudóttir
Ólafur Kr. Guðmundson
Pawel Bartoszek

Verkefnastjóri

Ársæll Jóhannsson (USK)

Vinnuhópur

Guðjón L. Sigurðsson
Rósa Dögg Þorsteinsdóttir
Sólveig Lís Tryggvadóttir

Fyrri vinnuhópur

Edda Ívarsdóttir
Eygerður Margrétardóttir
Hilmar Jónsson
Jóhann S.D. Christiansen
Jón Kjartan Ágústsson
Kristinn Jón Ólafsson
Margrét Þormar
Nikulás Úlfar Másson
Pálmi Freyr Randversson

Þátttakendur í vinnustofu

Andri G. Reynisson
Anna Sigríður Jóhannsdóttir
Ársæll Jóhannsson
Ásta Camilla Gylfadóttir
Ásta Logadóttir
Bjarnþór S. Harðarson
Borghildur Sölvey Sturludóttir
Dagný Bjarnadóttir
Darío Gustavo Nuñez Salazar
Edda Ívarsdóttir
Fjalarr Gíslason
Guðjón L. Sigurðsson
Guðríður Jónsdóttir
Gunnar Geir Gunnarsson
Hrönn Valdimarsdóttir
Höskuldur Rúnar Guðjónsson
Jarprúður Þórarinsdóttir
Jóhann Björn Jóhannsson
Jóhann Sindri Pétursson
Jón Júlíusson
Jónína de la Rosa
Karl Eðvaldsson

Kristinn Guðjónsson
Kristinn Jón Eysteinnsson
Olga Guðrún Sigfúsdóttir
Rósa Dögg Þorsteinsdóttir
Salóme Rósa Þorkelsdóttir
Sigurður Trausti Traustason
Sólveig Lís Tryggvadóttir
Stefán Þór Steindórsson
Vesna Djuric
Viðar Einarsson
Þórhildur Þórhallsdóttir
Þórólfur Jónsson
Þráinn Hauksson





Ljósvisistarstefna Reykjavíkurborgar

Aðgerðaáætlun 2025–2030



1

AÐ REYKJAVÍK SÉ BORG FYRIR FÓLK

Meginmarkmið	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
	Borgarlýsing stuðlar að öryggi, aðgengi og heilbrigði.	Kortleggja og bæta lýsingu á samgönguleiðum barna, eldri borgara og fatlaðs fólks. Reykjavíkurborg framkvæmir kortlagningu á göngu- og hjólaleiðum barna, eldri borgara og fatlaðs fólks og setur fram fimm ára framkvæmdaáætlun um umbætur á lýsingu með áherslu á birtustig, aðgengi og stýringu.	USK og Skóla- og frístundasvið	Kortlagning 2025, forgangsörðun og útfærsla 2026–2028
		Innleiða lýsingarviðmið fyrir leiksvæði, íþróttasvæði og skólalóðir. Skilgreind eru lágmarks- og hámarksviðmið fyrir lýsingu á opnum svæðum sem styðja við öryggi, vellíðan og útivist, með tilliti til truflunar og myrkurgæða í næturumhverfi.	USK og Skóla- og frístundasvið	Lýsingarviðmið 2025, innleiðing 2026
		Forgangsraða úrbótum á lýsingu við gangbrautir og gatnamót. Stofnað verður til sérstaks úttektar- og umbótaverkefnis fyrir gangbrautarljós og lýsingu á áhættusvæðum með háu hlutfalli gangandi vegfarenda, með áherslu á samgönguleiðir barna og aldraðra.	USK – Samgöngur og borgarhönnun	Forgangsörðun 2025, úrbætur 2026–2030

2

AÐ REYKJAVÍK
SÉ LÍFLEG
OG SKAPANDI
BORG

Meginmarkmið	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
	Borgarlýsing dregur fram menningarlega sérstöðu Reykjavíkur og skapar félagslega samheldni.	Móta stefnu um lýsingu menningarminja og kennileita. Unnin verður sérstök stefna í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og Minjastofnun um lýsingu kennileita, með áherslu á fagurfræðileg áhrif, öryggi og verndun sögulegra minja.	Menningar- og íþróttasvið og Listasafn Reykjavíkur	Stefnumótun 2026 – útgáfa 2027
		Styrkja menningarlega tjáningu í borgarrými með tímabundnum ljóslistaverkum. Haldið verður árlega opið kall eftir ljóslistaverkum til að sýna í almenningssrýmum yfir vetrartíma og tengja þannig lýsingu við skapandi borgarmenningu.	SBB (Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara)	2026–2030
		Útfæra sértækar lýsingarlausnir fyrir hverfi sem styrkja staðaranda. Hverfisverkefni þar sem unnið er með lýsingu sem undirstrikar einkenni og aðdráttarafl staða, í samvinnu við íbúa og hönnuði.	Menningar- og íþróttasvið og Listasafn Reykjavíkur	2026–2030

3

AÐ REYKJAVÍK
SÉ GRÆN
OG SJÁLFBÆR
BORG

Meginmarkmið	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
	Borgarlýsing er mikilvægur þáttur í grænum áherslum borgarinnar.	Skilgreina og innleiða LED-væðingu á götum og opnum svæðum. Gerð verður fimm ára framkvæmdaáætlun um útskiptingu á gömlum lýsingarbúnaði með LED lömpum, með forgangs röðun byggðri á orkusóun og viðhaldskostnaði.	USK - Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	Ljúka LED-væðingu fyrir árslok 2028
		Kortleggja birtusvæði. Hverfi og svæði verða flokkuð samkvæmt leiðbeiningum DarkSky (Environmental Zones). Flokkunin verður nýtt við skipulag og ljósvisitarhönnun til að tryggja myrkurgæði.	USK - Samgöngur og borgarhönnun, skipulagsfulltrúi	Kortlagning 2026
		Setja árleg viðmið um orkunýtingu og kolefnisspor borgarlýsingar. Árleg skýrsla metur orkunotkun og framfarir í átt að kolefnishlutleysi. Reykjavíkurborg setur sér markmið um orkunýtingu.	USK - Skrifstofa umhverfisgæða	Viðmið sett 2025
		Þróa ný viðmið fyrir lýsingu á friðlýstum og opnum svæðum. Sérstakar leiðbeiningar og viðmið verða þróuð fyrir græn svæði, strandlengjur og borgargarða til að tryggja að lýsing hafi ekki neikvæð áhrif á náttúru.	USK - Skrifstofa umhverfisgæða og Samgöngur og borgarhönnun	Fyrsta útgáfa 2026, endurmat á 3 ára fresti
		Kortleggja og mæla ljósmengun í Reykjavíkurborg. Mæld verður árleg þróun ljósmengunar með mælitækjum og mælingar gerðar aðgengilegar borgarbúum.	USK - Skrifstofa umhverfisgæða	Fyrstu mælingar og kortlagning hefjast 2026
		Innleiða ljósvist inn í skipulag borgarinnar. Bæta þarf ljósvist inn í Grænar áherslur og Aðal-, Hverfis- og Deiliskipulag Reykjavíkurborgar.	Skipulagsfulltrúi	Innleiðing 2025-2026

4

AÐ REYKJAVÍK
STUÐLI AÐ
GÆÐUM Í HINU
BYGGÐA
UMHVERFI

Meginmarkmið	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
	Borgarlýsing nýtir nýsköpun og tækni til að bæta ljósvist í borginni.	Reykjavíkurborg þróar heildstætt leiðbeiningarit fyrir hönnuði og verkefnastjóra. Leiðbeiningaritið skal byggja á markmiðum og viðmiðum Ljósvisitarstefnu borgarinnar og innihalda skýrar verklagsleiðbeiningar, gæðaviðmið, tæknilegar kröfur og dæmi um góðar lausnir. Ritinu er ætlað að vera hagnýtt verkfæri í hönnunarferli og verklagi þeirra sem koma að lýsingarverkefnum fyrir Reykjavíkurborg.	USK - Framkvæmdir og viðhald mann-virkja og Samgöngur og borgarhönnun	Útgáfa leiðbeiningarrits í lok árs 2025
		Endurskoða tæknikröfur og viðmið um lýsingarbúnað árlega. VLD-062 og tengd skjöl verða uppfærð með tilliti til DarkSky-viðmiða um ljósvist s.s litahitastig, ljósdreyfingu og glýju. Samþætt við útboð og innkaupastefnu.	USK - Framkvæmdir og viðhald mann-virkja og Skrifstofa borgarlandsins	Lifandi skjal sem uppfærist árlega
		Mótun viðmiða fyrir stýringar borgarlýsingar. Sett verða skýr viðmið sem byggja á stigum lýsingarstýringar samkvæmt viðmiðum LUCI (frá einfaldri af/á stýringu til snjallstýringar) til að styðja við markvissa þróun og innleiðingu tæknilausna í borgarlýsingu.	USK - Framkvæmdir og viðhald mann-virkja og Skrifstofa borgarlandsins	Viðmið sett 2025
		Þróun stýringarkerfis. Reykjavíkurborg mun þróa og innleiða stýringarkerfi fyrir borgarlýsingu í samræmi við skilgreind viðmið, með það að markmiði að bæta ljósvist, draga úr ljósmengun og hámarka orkunýtingu.	USK - Framkvæmdir og viðhald mann-virkja og Skrifstofa borgarlandsins	Þróun 2025 og Innleiðing 2026
		Þróa vistvænt verklag við endurvinnslu og úreldingu lýsingarbúnaðar. Samvinna við framleiðendur og verktaka verður nýtt til að tryggja söfnun og endurnýtingu búnaðar í samræmi við stefnu borgarinnar um hringrásarhagkerfi.	USK - Skrifstofa umhverfisgæða	Verklagsreglur gefnar út 2026
		Markviss þátttaka í alþjóðlegu samstarfi LUCI. Reykjavíkurborg tekur virkan þátt í samstarfi, skýrslugjöf og skuldbindingum sem styðja við þróun lýsingarstefnu, miðlun þekkingar og innleiðingu alþjóðlegra viðmiða í borgarlýsingu.	USK - Öll svið og skrifstofur	2025–2030
		Innleiðing Ljósvisitarstefnu og fræðsla. Reykjavíkurborg mun standa fyrir námskeiðum fyrir hönnuði, verkefnastjóra, verktaka og eftirlitsaðila.	USK - Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	2025 og ársbyrjun 2026